

## MINNISBLAÐ

### DAGS.

08.10.2024

### MÁLEFNI

Efnistökusvæði í Sandártungu – Svör við umsögnum um matsskyldufyrirspurn

### SENDANDI

Landsvirkjun/Vegagerðin  
Snævarr Örn Georgsson (EFLA)

### DREIFING

Skipulagsstofnun

## Inngangur

Þann 13. júní 2024 skilaði Landsvirkjun/Vegagerðin inn matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar vegna áforma um efnistöku í Sandártungu. Umsagnarfrestur umsagnaraðila var til 15. júlí 2024 og bárust umsagnir frá eftirfarandi aðilum:

- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Skeiða- og Gnúpverjahrepp

Umsagnir sveitarfélagsins og heilbrigðiseftirlitsins krefjast ekki viðbragða. Hér á eftir eru svör við þeim umsögnum sem kalla á viðbrögð framkvæmdaraðila.

## Minjastofnun Íslands

- Í umsögn Minjastofnunar Íslands segir eftirfarandi um fornleifarnar tvær: „***girða þær af á meðan á efnistökkunni stendur til að koma í veg fyrir að fornleifarnar raskist***“.

Þetta verður gert.

## Náttúrufræðistofnun Íslands

- „***Fram kemur að í valkostagreiningu á mögulegum efnistökusvæðum í nágrenni við Þjórsárdalsveg árið 2023 hafi tvö önnur svæði komið til greina en þau ekki verið jafn heppileg. Ekki kemur fram hver hin svæðin eru en að mati Náttúrufræðistofnunar er nauðsynlegt að bera saman fleiri staðsetningar fyrir efnistökkuna. Allmargar opnar bergnámur eru í Þjórsárhrauni sem hægt væri að nýta ef vilji er fyrir því að standa vörð um friðlýst menningarlandslag Þjórsárdals.***“

Búið er að skoða alla þá valkosti sem koma til greina með valkostagreiningu. Alls voru átta svæði skoðuð. Efnisgæði flestra efnistökusvæða uppfylla ekki efniskröfur fyrir burðar- og styrktarlög. Mjög langt er í næstu efnistökusvæði sem uppfylla efnisgæði. Þrjú svæði voru skoðuð sem voru líkleg til að uppfylla efnisgæði. Í ljós kom að tvö af þessum þremur svæðum kæmu ekki til greina, annað svæðið var talið ógna öryggi mannvirkja á Búrfellssvæðinu og hitt svæðið verður nýtt til rofvarnar í nýju lóni Hvammsvirkjunar, efní þyrfti því alltaf að koma annarsstaðar frá. Aðeins ein náma er í Þjórsárhrauni neðan Búrfells (vestan ár). Vegna jarðfræðilegra aðstæðna

er það svæði sem liggur austan Þverár og norðan (vestan) Þjórsár eina svæðið sem kemur til greina í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Talið er að efnistaka nær Þverá hafi í för með sér minna rask en annarsstaðar í Þjórsárdal.

Efnistökusvæðið er á skipulögðu land- og skógræktarsvæði og einkennist af skógrækt og lúpínu. Að efnistöku lokinni verður aftur plantað trjám og svæðið grætt upp, ásýndin verður því mjög sambærileg og áður og áhrifin á menningarlandslag svæðisins eru því hverfandi til framtíðar.



**MYND 1** Opnar námur í Þjórsárdal í námskrá Vegagerðarinnar. Ekki er um auðugan garð að gresja. Sandártunga er fyrir miðri mynd. <https://namur.vegagerdin.is/>

- „*Gera þarf betur grein fyrir afrennsli af efnistökusvæðinu og hvort hætta sé á að mengun frá starfsemi berist út í Þjórsá*“

Ekki verður neitt fráveitukerfi á svæðinu og því mun afrennsli fylgja náttúrulegum ferlum. Náman verður hola ofan í jörðina og því mun ofanvatn að mestu síast ofan í hraunið, en einnig mun ofanvatn renna eftir yfirborði, einkum þegar frost er í jörðu. Litlar líkur eru á mengunarslysi, umferð vinnuvélara er hægt inni á flötu efnistökusvæðinu og fjöldi vinnutækja er lítill. Vinnuvélar eru auk þess sterkbyggðar og afar ólíklegt að eldsneytistankar rofni á þann hátt að mikið magn olíu leki út. Hættan á mengun er engu meiri en frá öðrum vinnuvélum og landbúnaðartækjum í sveitum landsins um allt land. Mun meiri hætta stafar af umferð á þjóðvegum þar sem ökutæki skella saman eða fara út af á miklum hraða. Efnistakan er auk þess tímabundin á meðan framkvæmdum við nýjan Þjórsárdalsveg stendur.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands getur sett frekari kröfur þegar það veitir starfsleyfi, telji það þess þörf.

- „*Ekkert er minnst á fuglalíf í kafla 3.3 Vistgerðir og fuglalíf en efnistökusvæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis - Suðurlandsundirlendi.*“

Það er ekki rétt, í kafla 3.3 segir orðrétt:

*Á hluta efnistökusvæðisins er einnig stunduð skógrækt, og er það manngerð vistgerð. Að efnistöku lokinni verður jarðvegur jafnaður yfir svæðið eins og hægt er og verður því mögulegt að stunda þar skógrækt og koma svæðinu aftur í sambærilegt horf. Þær fuglategundir sem nýta svæðið í dag, munu því*

*geta nýtt það áfram í framtíðinni, en þó ekki á meðan framkvæmdum við Þjórsárdalsveg stendur. Áhrifin á fuglalíf eru því að mestu tímabundin.*

Ekki er fjallað um einstakar tegundir þar sem áhrif efnistökkunnar eru tímabundin og þær tegundir sem nýta svæðið í dag munu áfram geta gert það að framkvæmdum loknum. Svæðið er einungis 4 ha og 0,001% af öllu Suðurlandsundirlendi sem skilgreint er sem mikilvægt fuglasvæði, einkum vegna vaðfugla/votlendisfugla, farfugla sem safnast í hópa á suðurströndinni og fuglalíf að vetri til við auðar ár og vötn og á kornökrum. Þetta á ekki við um efnistökusvæðið í Sandártungu nema að örlitlu leyti, enda einkennist svæðið af skógrækt og lúpínu, manngerðum vistgerðum sem auðvelt er að endurskapa. Þeir fuglar sem helst má vænta eru spörfuglar líkt og skógarþröstur og þúfutittlingur, og svo mófuglar líkt og hrossagaukur og stelkur. Allar þessar tegundir hafa stór sambærileg búsvæði allt í kring og munu aftur geta nýtt svæðið að efnistöku lokinni.